

Guðbrand undan vistun á viðeigandi stofnun í öryggiskyni, svo að tryggt sé að ekki stafi af honum háski.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að skv. ákvæðum 62. gr. alm. hgl., er ekki gert ráð fyrir að hælisvist fari fram á refsistofnunum, heldur t.d. á geðsjúkrahúsi.

Eftir atvikum þykir rétt að allur málskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Karl F. Jóhannsson, aðalfulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Guðbrandur Magnússon, f. 20.09. 1954, verður ekki leystur úr öryggisgæslu.

Allur málskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 21. janúar 1986.

Nr. 6/1986. **Raufarhafnarhreppur**
 gegn
ábúendum og eigendum Hólsjarða

Kærumál. Kröfu um að hérðaðsdómari víki sæti hafnað.
 Trygging samkv. 26. gr. laga nr. 45/1973 felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í a-lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. desember 1985 sem barst Hæstarétti 13. janúar 1986. Kærður er úrskurður uppkveðinn í fógatarétti Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 28. nóvember 1985 þar sem hrundið var kröfu sóknaraðila um að fógétinn, Sigurður Gizurarson sýslumaður, víki sæti í máli þessu.

Sóknaraðili krefst þess að hinum kærða úrskurði verði hrundið og fógétanum gert að víkja sæti í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar. Einnig er þess krafist að skilað verði tryggingu að fjár-

hæð 100.000,00 krónur sem sóknaraðili setti samkvæmt ákvörðun fógeta.

Varnaraðilar krefjast þess aðallega að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti en til vara að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað.

Í máli þessu hafa varnaraðilar krafist þess að lagt verði lögban við því að sóknaraðili taki vatn úr Síkisstjórn í landi Hólsjarða í Presthólahreppi.

Kröfu sína um að fógétinn víki sæti í máli þessu styður sóknaraðili við ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936 svo og við ákvæði 37. gr. laganna.

Sigurður Gizurarson sýslumaður hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar sbr. ákvæði 27. gr. laga nr. 75/1973.

Ekki eru rök til að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Það veldur ekki vanhæfi fógeta til að fara með mál þótt hann hafi leiðbeint aðila skv. 87. og 114. gr. laga nr. 85/1936 sbr. og 5. gr. laga nr. 18/1949. Hefur ekki komið fram að afstöðu fógeta til máls þessa eða aðila þess sé þannig háttað að hann hafi átt að víkja sæti í málinu skv. 36. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Er sóknaraðili lýsti yfir að hann kærði framangreindan úrskurð í þinghaldi 28. nóvember 1985 ákvað fógétinn eftir kröfu varnaraðila að sóknaraðili skyldi setja tryggingu að fjárhæð 100.000,00 krónur fyrir tjóni og óhagræði sem kæran kynni að baka varnaraðilum. Styðst sú ákvörðun við ákvæði 26. gr. laga nr. 75/1973. Þykir heimilt eftir grunnreglu 17. gr. greindra laga að bera hana undir Hæstarétt í kærumáli þessu.

Eins og mál þetta er vaxið þykir eigi hafa verið tilefni til að krefja sóknaraðila um tryggingu skv. 26. gr. laga nr. 75/1973. Verður sú ákvörðun fógeta því felld úr gildi.

Rétt þykir að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Ákvörðun fógeta um að sóknaraðili setti tryggingu að fjárhæð 100.000,00 krónur er felld úr gildi.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógætaréttar Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 28. nóvember 1985.

Umboðsmaður gerðarþola óskar þess, að fógæti víki sæti í máli þessu með skírskotun til 37. gr. sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936, einkum 5. tl. hennar. Hann kveður fógæta hafa leiðbeint gerðarbeiðendum í öðru máli sömu aðila um sömu hagsmuni. Hið rétta er, að á árunum 1970—1974 rak fógæti lögfræðiskrifstofu í Reykjavík, og árin 1973—1974 jafnframt skrifstofu fyrir landssamband Veidifélaga. Á vegum Landssambandsins flutti fógæti mál fyrir dómstólum f.h. Veidifélags Deildarár gegn Guðjóni Styrkárssyni, en Þorsteinn Steingrímsson var formaður félagsins. Eftir að fógæti var orðinn sýslumaður Þingeyjarsýslu 1974, kom Þorsteinn Steingrímsson til hans og beiddist þess að hann semdi fyrir sig stefnu í deilumálum milli Hólsbænda og Raufarhafnarhrepps. Það mun hafa verið 1981. Það gerði fógæti. Þegar málið var tekið fyrir, spurði fógæti, þá dómari í nefndu máli, umboðsmann Raufarhafnarhrepps að því, hvort hann krefðist, að fógæti víki sæti í málinu. Hann svaraði því játandi. Ákvað fógæti þá að víkja sæti, þótt hann teldi sér það ekki skylt, sbr. m.a. ákvæði 87. gr. laga nr. 85/1936 um skyldu dómara að semja stefnu fyrir aðila, sem er ólögfróður og ekki hefur atvinnu af málflutningsstörfum. Fullnægning þessarar skyldu gerir dómara ekki vanhæfan til að dæma í málinu. Nefnt mál snýst um vatnstöku Raufarhafnarhrepps í Síkistjörn í landi Hólsjarða eins og fógætamál það, sem nú er tekið fyrir. Raufarhafnarhreppur tók vatn fyrst úr Síkistjörn 1979. Í nefndu dómsmáli var skipaður setudómari 1981, en málið hefur ekki verið tekið fyrir frá því á árinu 1981, er það var þingfest. Setudómari, Freyr Ófeigsson, hefur aldrei tekið málið fyrir. Tengsl fógæta við lögbannsbeiðendur hafa ekki verið önnur en þau er að framan greinir.

Að því athuguðu sem að framan greinir, og því að frávikning fógæta mundi stappa nærri réttarsynjun gagnvart gerðarbeiðendum, sem enga greiðslu hafa fengið fyrir vatn sitt í 6 ár, er beiðni um að fógæti víki sæti synjað.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu gerðarþola um að fógæti málsins víki sæti er hafnað.

Umboðsmaður gerðarþola tekur fram, að hann kæri úrskurð fógæta til Hæstaréttar, sbr. a.lið, 1. tl. (sic) 29. gr. vegna laga um Hæstarétt, nr. 75/1973. Gerðarbeiðandi krefst tryggingar fyrir tjóni og óhagræði vegna kærunnar.

Fógæti ákveður að kærandi skuli setja kr. 100.000,- fyrir tjóni er kæra kann að baka gerðarbeiðendum.